	Dagsetning	Tilvísun
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingi 150 Reykjavík	12. janúar 1993	34.110

Alþingi
Erindi nr. Þ 116 / 798
komudagur 14 / 1 1993

Hjálagt eru upplýsingar um Íslenska járnblendifélagið sem óskað var eftir á fundi nefndarinnar í morgun.

Vegna umræðu og spurninga sem fram komu á fundinum um fyrirtækið og járnblendiiðnaðinn skal upplýst:

1. Um síðast liðin áramót var eiginfjárhlutfall fyrirtækisins um 20% samkvæmt norska reikningnum áður en hlutafjáraukning á sér stað. Samkvæmt íslenska reikningnum er eiginfjárhlutfallið nálega tvisvar sinnum hærra.

2. Bandaríkin hafa sett undirboðstolla vegna innflutnings frá Kína og fleiri ríkjum. Evrópubandalagið hefur sett á tolla vegna Egiptalands og Póllands og gert er ráð fyrir að tollar verði settir á innflutning frá fleiri ríkjum 1. mars nk.

F.h.r.

Hjálagt: Minnisblað frá Jóni Sigurðssyni framkvæmdastjóra Íslenska járnblendifélagsins hf. dags. 12. janúar 1993.

Póstfang
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Aðsetur
Arnarhvoli, við Lindargötu
Reykjavík

Sími
91-609070

Bréfsími
91-621289

MINNISBLAÐ

til iðnaðarráðuneytis
b/t hr. skrifstofustjóra Jóns Ingimarssonar

frá Jóni Sigurðssyni, Íslenska járnblendifélaginu hf.

Efni: UPPLÝSINGAR UM JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ FYRIR EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTANEFND ALÞINGIS.

Með vísan til símtals í morgun eru eftirfarandi upplýsingar dregnar saman.

Aðdragandi

Afkoma járnblendifélagsins árinu 1988 og 1989 var afar góð, en árið 1990 var komin lægð í markaðina, sem leiddi til nokkurs taps. Með hliðsjón af reynslu fyrri ára var félaginu á því ári tryggður aðgangur að lánsfjármagni, sem átti að duga því yfir lægðina, sem búist var við og talið að lyki á árinu 1991. Þau lán gilda fram eftir árinu 1993.

Batinn kom ekki og Landsbanki Íslands fjármagnaði fyrirtækið á árinu 1991/92, enda var þá búist við batanum á árinu 1992. Allt fram yfir sumarleyfatíma 1992 trúðu menn hjá Elkem, að aðstæður til bata væru að skapast, en á daginn kom, þegar kom fram í september s.l., að þær vonir urðu að engu.

Á þessum árum voru nokkrar höfuðástæður þróunarinnar: Stálframleiðsla stóð í stað og dróst raunar saman á síðasta ári vegna efnahagsþróunar í heiminum. Framleiðslugeta var eftir velgengnisárin 1988 og 1989 orðin of mikil í hinum vestræna heimi, enda höfðu gamlar verksmiðjur, einkum í Bandaríkjunum verið settar í

gang að nýju eftir lokun. Kínverjar buðu fram mikið kísiljárn á Vesturlöndum, einkum í Japan, sem ekki hafði verið í þeim mæli áður. Hrun Sovétríkjanna leiddi til mikils samdráttar stálframleiðslu í þeim heimshluta og losaði þar með um kísiljárn til sölu (gjaldeyrisöflunar) á vestrænum mörkuðum. 75.000 tonna verksmiðja fyrir kísiljárn var byggð í Noregi að tilhlutan og með aðstoð norskra stjórnvalda.

Þegar þetta allt fór saman við efnahagssamdrátt eða lítinn vöxt í öllum helstu viðskiptalöndum, varð verðlag á kísiljárni lægra en það hefur nokkru sinni fyrr orðið.

Viðbrögð

Viðbrögð Elkem við þessari nýju stöðu urðu ljós í september s.l. Í stað þess að miða áætlanir sínar við markaðsbata innan tíðar, ákvað fyrirtækið að miða allar gerðir sínar við að lifa af, þótt verðlag og markaðshlutdeild fyrirtækisins breytist ekki til batnaðar árin 1993 og 1994. Járnblendifélagið sá sér þá ekki annað fært en gera slíkt hið sama, enda var þá farið mjög að þrengja að greiðslugetu fyrirtækisins.

Aðgerðir Elkem með stórfelldri sölu arðberandi eigna, sem ekki tengdust höfuð framleiðslusviðum fyrirtækisins, viðbótarhlutafé frá eigendum, ábyrgðum norska ríkisins og lánveitingum frá bönkum hefur nú verið komið í kring.

Neyðaráætlun járnblendifélagsins

Í samræmi við framanritað gerði framkvæmdastjórn járnblendifélagsins neyðaráætlun, sem skýrt hefur verið frá í fjölmiðlum. Hún samanstendur af fjórum höfuðþáttum:

1. Alhliða uppstokkun í rekstri innan dyra til að lækka kostnað bæði í hráefnum, öðrum rekstrargjöldum og mannahaldi. Sagt var upp um 40 manns og þrengt að kjörum þeirra, sem eftir voru, m.a. með 6,6% lækkun launa allra stjórnenda frá og með

verkstjórum. Þessi liður áætlunarinnar er þegar framkvæmdur og er á tilætluðum vegi.

2. Leitað var eftir bættum kjörum í viðskiptum við alla helstu viðskiptamenn fyrirtækisins, þ.á.m. breytt kjör í orkukaupum frá Landsvirkjun.

   Þessi liður áætlunarinnar hefur gengið eftir að öðru leyti en því, að ekki hefur verið gengið frá samkomulagi við Landsvirkjun. Viðræður standa yfir.

3. Leitað var eftir hlutafé frá eigendum, 60 mNOK og að auki 20 mNOK skuldbindingu um víkjandi lán þeirra til fyrirtækisins, ef í harðbakka slær.

   Niðurfærsla gamla hlutafjárins og heimild til stjórnar um hækkun hlutafjár að nýju var samþykkt á sérstökum hluthafafundi í nóvember og þá gert ráð fyrir, að nýtt hlutafé verði forgangshlutafé að því er tekur til réttar til arðs. Endanleg svör hluthafa liggja ekki fyrir.

4. Gert er ráð fyrir að leita til viðskiptabanka fyrirtækisins, erlendra og innlendra um framlengingar á þeim lánum, sem fyrirtækið nú hefur frá þeim.

   Þessi hluti áætlunarinnar hefur verið látinn bíða þess, að gerðir hluthafa í málinu liggi fyrir, enda talið ólíklegt að bankar taki afstöðu til málsins fyrr.

Samtals þessi tvö ár snerist þessi áætlun um 250 mNOK og er nærri lagi, að hver hinna fjögurra liða skili fjórðungi þeirrar fjárhæðar á þessum árum.

Áætlun þessi, svo hörð sem hún er, reyndist nauðsynleg, þrátt fyrir það að ráðningarstöðvun hafi verið í gildi um tveggja ára skeið,

margs konar hagræðingaraðgerðir höfðu verið í gangi og samningar höfðu náðst á árinu 1991 um niðurfellingu yfir 80% af tæknigjaldi járnblendifélagsins til Elkem, sem æðilengi hafði verið mönnum þyrnir í auga.

Áætlanir

Fjárhagsáætlun félagsins 1993 var gerð miðað við líklegan afskipunarrétt þess skv. gildandi markaðssamningi, sem svarar nýtingu u.þ.b. 75% framleiðslugetu.

Á stjórnarfundi í lok nóvember var þess óskað, að gerð yrði skoðun á þremur kostum til viðbótar: Tveggja ára stöðvun, tveggja ára rekstri með einum ofni og fullum rekstri.

Miðað við forsendur um orkuverð, sem járnblendifélagið hefur leitað eftir hjá Landsvirkjun, er fjárhagsáætlun miðað við óbreytt markaðsverð og 75% nýtingu afkastagetunnar í járnum rekstrarlega. Greiðslulega sleppur hún til með þeirri hlutafjáraukningu, sem gert er ráð fyrir að því tilskyldu, að viðskiptabankarnir verði tilbúnir til samninga.

Í ljós kom, að stöðvun og eins ofns rekstur er mun óhagkvæmari en 75% rekstur, en fullur rekstur gæfi umtalsverðan hagnað, jafnvel þótt Landsvirkjun væri áætlaður hluti af þeim ávinningi.

Við óbreytt markaðsverð gefa þessar áætlanir til kynna, að fyrirtækið gæti af eigin aflafé einungis greitt niður skuldir um 100 mkr. á ári. Fyrstu 7-8% í verðlagsbata auka þá greiðslugetu um 150-200 mkr.

Almenna ályktunin, sem dregin verður af þessari stöðu er, að neyðaráætlunin mun, ef henni er framfylgt, fleyta fyrirtækinu yfir þau tvö ár, sem hún tekur til. Batnandi verðlag á kísiljárni eigi

síðar en í lok þessa tímabils er hins vegar forsenda þess, að fyrirtækið verði nægilega lífvænlegt til að greiða niður skuldir sínar og greiða hluthöfum arð af hlutafé.

Að frátöldum framlögum hluthafa og samningum við Landsvirkjun, eru samningar við viðskiptabanka um framlengingar lána enn óvissuþáttur.

JS.12.01.93

margs konar hagræðingaraðgerðir höfðu verið í gangi og samningar höfðu náðst á árinu 1991 um niðurfellingu yfir 80% af tæknigjaldi járnblendifélagsins til Elkem, sem æðilengi hafði verið mönnum þyrnir í auga.

Áætlanir

Fjárhagsáætlun félagsins 1993 var gerð miðað við líklegan afskipunarrétt þess skv. gildandi markaðssamningi, sem svarar nýtingu u.þ.b. 75% framleiðslugetu.

Á stjórnarfundi í lok nóvember var þess óskað, að gerð yrði skoðun á þremur kostum til viðbótar: Tveggja ára stöðvun, tveggja ára rekstri með einum ofni og fullum rekstri.

Miðað við forsendur um orkuverð, sem járnblendifélagið hefur leitað eftir hjá Landsvirkjun, er fjárhagsáætlun miðað við óbreytt markaðsverð og 75% nýtingu afkastagetunnar í járnum rekstrarlega. Greiðslulega sleppur hún til með þeirri hlutafjáraukningu, sem gert er ráð fyrir að því tilskyldu, að viðskiptabankarnir verði tilbúnir til samninga.

Í ljós kom, að stöðvun og eins ofns rekstur er mun óhagkvæmari en 75% rekstur, en fullur rekstur gæfi umtalsverðan hagnað, jafnvel þótt Landsvirkjun væri áætlaður hluti af þeim ávinningi.

Við óbreytt markaðsverð gefa þessar áætlanir til kynna, að fyrirtækið gæti af eigin aflafé einungis greitt niður skuldir um 100 mkr. á ári. Fyrstu 7-8% í verðlagsbata auka þá greiðslugetu um 150-200 mkr.

Almenna ályktunin, sem dregin verður af þessari stöðu er, að neyðaráætlunin mun, ef henni er framfylgt, fleyta fyrirtækinu yfir þau tvö ár, sem hún tekur til. Batnandi verðlag á kísiljárni eigi

síðar en í lok þessa tímabils er hins vegar forsenda þess, að fyrirtækið verði nægilega lífvænlegt til að greiða niður skuldir sínar og greiða hluthöfum arð af hlutafé.

Að frátöldum framlögum hluthafa og samningum við Landsvirkjun, eru samningar við viðskiptabanka um framlengingar lána enn óvissuþáttur.

JS.12.01.93